

BORGARRÁÐ 8. desember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf þjónustu- og nýsköpunarsviðs við Samband íslenskra sveitarfélaga - MSS22120042

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir nánari útskýringum á eðli og umfangi samstarfs þjónustu- og nýsköpunarsviðs við Samband íslenskra sveitarfélaga og Stafrænt Ísland í stafrænni umbreytingu. Í ræðu formanns stafræns ráðs í borgarstjórn 6. desember, kom fram að sviðið telji að sameiginleg innkaup með öðrum opinberum aðilum leiði til hagkvæmni og ávinnings fyrir alla. Þetta breytta viðhorf sviðsins gagnvart þátttöku borgarinnar í víðtækara samstarfi ríkis og sveitarfélaga kemur Flokki fólksins nokkuð á óvart. Eins og flestir vita hefur fulltrúi Flokks fólksins ítrekað verið að benda á mikilvægi samstarfs við Stafrænt Ísland, án þess að nokkuð hafi verið á það hlustað. Vert er að minnast á fyrirspurn frá Flokki fólksins á sínum tíma varðandi það af hverju þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi ekki tekið boði ríkisins til þátttöku í útboði ríkis og sveitarfélaga á Microsoft leyfum fyrir skóla. Þá var svar sviðsins á þá leið að Reykjavíkurborg hafi gert miklu betri samninga við Microsoft heldur en ríkið ásamt öðrum sveitarfélögum. Í framhaldi af því vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvort þær fullyrðingar sviðsins standist miðað við þá breyttu nálgun sem formaður stafræns ráðs kynnti í ræðu sinni í borgarstjórn.